

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2017/324

2017/EES/48/17

frá 24. febrúar 2017

um breytingu á viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 231/2012 um nákvæmar skilgreiningar á aukefnum í matvælum sem eru tilgreind í II. og III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 að því er varðar nákvæmar skilgreiningar á basískri metakrýlatsamfjölliðu (E 1205) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 frá 16. desember 2008 um aukefni í matvælum ⁽¹⁾, einkum 14. gr.,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1331/2008 frá 16. desember 2008 um sameiginlega málsmeðferð við leyfisveitingu fyrir aukefni í matvælum, ensím í matvælum og bragðefni í matvælum ⁽²⁾, einkum 5. mgr. 7. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 231/2012 ⁽³⁾ er mælt fyrir um nákvæmar skilgreiningar á aukefnum í matvælum sem eru tilgreind í II. og III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008.
- 2) Þessar nákvæmu skilgreiningar má uppfæra í samræmi við sameiginlegu málsmeðferðina sem um getur í 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1331/2008, annaðhvort að frumkvæði framkvæmdastjórnarinnar eða í kjölfar umsóknar.
- 3) Hinn 21. nóvember 2014 var lögð fram umsókn um breytingu á nákvæmum skilgreiningum varðandi matvælaaukefnið basísk metakrýlatsamfjölliða (E 1205). Umsóknin var gerð aðgengileg fyrir aðildarríkin skv. 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1331/2008.
- 4) Umsækjandinn óskaði eftir því að skilgreiningunni á matvælaaukefninu væri breytt, að því er varðar stuttu lýsinguna á framleiðsluferlinu, vegna nútímavæðingar framleiðsluferlisins. Í kjölfar ítarlegrar endurskoðunar á kornastærð í núverandi nákvæmri skilgreiningu fór umsækjandinn fram á breytingar á kornastærð duftsins.
- 5) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) samþykkti álit um öryggi tillagðar breytingar á nákvæmum skilgreiningum fyrir basíska metakrýlatsamfjölliðu (E 1205) sem matvælaaukefni ⁽⁴⁾. Á grundvelli gagna sem umsækjandi lagði fram og að teknu tilliti til upphaflegs mats á efninu á árinu 2010 ⁽⁵⁾ komst Matvælaöryggisstofnunin að þeirri niðurstöðu að tillagðar breytingar á nákvæmum skilgreiningum á matvælaaukefninu basískri metakrýlatsamfjölliðu (E 1205) hafi ekki í för með sér öryggisvanda.
- 6) Því ætti að breyta reglugerð (ESB) nr. 231/2012 til samræmis við það.
- 7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 231/2012 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjttíð. ESB L 49, 25.2.2017, bls. 4. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 124/2017 frá 7. júlí 2017 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

⁽¹⁾ Stjttíð. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 16.

⁽²⁾ Stjttíð. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 1.

⁽³⁾ Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 231/2012 frá 9. mars 2012 um nákvæmar skilgreiningar á aukefnum í matvælum sem eru tilgreind í II. og III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 (Stjttíð. ESB L 83, 22.3.2012, bls. 1).

⁽⁴⁾ Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu 2016 14(5), 4490, bls. 13.

⁽⁵⁾ Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu 2010 8(2), 1513, bls. 23.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 24. febrúar 2017.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

Færslunum fyrir matvælaaukefnið E 1205, basísk metakrýlatsamfjölliða, í viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 231/2012 er breytt sem hér segir:

- 1) Í stað færslunnar fyrir skilgreininguna komi eftirfarandi:

„Skilgreining	Basísk metakrýlatsamfjölliða er framleidd með hitastýrðri fjölliðun einliðanna metýlmetakrýlats, bútýlmetakrýlats og dímetýlaminóetýlmetakrýlats sem eru leystar upp í própán-2-óli) með því að nota hvarfræsikerfi með stakeindagjafa (e. <i>free radical donor initiator system</i>). Alkýlmerkaptan er notað sem keðjubreytandi efni Fjölliðulausnin er útpressuð og kornuð við lofttæmi til að fjarlægja leifar rokgjarnra efnisþátta. Kornin sem þannig fást eru seld sem slík eða gangast undir mólunarprep (míkrómölun).“
----------------------	---

- 2) Í stað færslunnar fyrir kornastærðina komi eftirfarandi:

„Kornastærð dufts (myndar filmu við notkun)	< 50 µm a.m.k. 95% < 20 µm a.m.k. 50% < 3 µm ekki meira en 10%“
---	---